

# Íbúðalánasjóður og EES

22. nóvember 2013.

Bjarnveig Eiríksdóttir hdl.

# Kynning á ríkisaðstoðarreglum EES með tilliti til starfssemi Íbúðalaánsjóðs

1. Reglur EES um ríkisaðstoð – efnis og formreglur
2. Eftirlit ESA með ríkisaðstoð
3. Ríkisaðstoð til ÍLS
4. Aðlögunarferlið
5. Endurheimt ríkisaðstoðar

# 1. Reglur EES um ríkisaðstoð

## Efnis og formreglur

# Ríkisaðstoð skv. 61. gr. EES

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

# Ríkisaðstoð skv. 61. gr. EES



„hverskyns aðstoð“ til ÍLS „veitt af ríkisfjármunum“ og „ívilnar“

- a. ÍLS er ríkisaðili sem nýtur ótakmarkaðrar ábyrgðar ríkisins án þess að sérstök lagaheimild komi til. Einnig sérstakar skuldbindingar skv. fjárlögum á skulda-bréfaútgáfu ÍLS – ekkert ábyrgðargjald !!
- b. ÍLS er undanþeginn tekjuskatti skv. 4. gr. tskl.
- c. ÍLS gerir ekki áskilnað um arðsemi og greiðir eiganda ekki arð. Sjá 11. gr. og 28. gr. laga nr. 44/1998 um fjárhag sjóðsins.

# Ríkisaðstoð skv. 61. gr. EES

„...aðstoð sem raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara..“

ÍLS er „fyrirtæki“ stundar efnahagslega starfssemi – starfar á íbúðalánamarkaði

Aðstoðin aðeins veitt ÍLS og aðeins vegna húsnæðislána – er „selectiv“..

Slík aðstoð er talin raska samkeppni

# Ríkisaðstoð skv. 61. gr. EES

„ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila“

Hefur aðstoð til ÍLS áhrif á viðskipti milli ríkja EES?

Staðbundinn veðlánamarkaður ?

ESA: neikvæð áhrif á markað fyrir annars konar lán eru ekki útilokuð .

Í framkvæmd hefur aðstoð sem talin er uppfylla önnur viðmið 61. gr. verið talin hafa áhrif á viðskipti.

# Fjöl margar undanþágur frá banni við ríkisaðstoð, m.a vegna þjónustu í almannanþágu (SGEI) 59. gr. EES

„Reglur samnings þessa, einkum reglurnar um samkeppni, gilda um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu ....., að því marki sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að þau geti að lögum eða í raun leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin. Þróun viðskipta má ekki raska í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum samningsaðilanna.“



# 59. gr. EES - SGEI

Reglur EES (þ.m.t. Ríkisaðstoðarreglunar) gilda um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu

En.. þó mega EES reglurnar ekki koma í veg fyrir að fyrirtæki sem sinna almannaðjónustu geti leyst af hendi þessi sérstöku verkefni sem þeim hefur verið falið – Fara þarf milliveg – gæta meðalhófs


- skilgreina sérstaklega í hvaða tilvikum aðstoð skal veita
- takmarka aðstoð við það sem nauðsynlegt er.

Ekki má raska þróun viðskipta í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum samningaðila

# Þjónusta í almannapágu - Skiptir ESA sér af allri þjónustu sem ríkið veitir ?

- EES reglur varða aðeins þjónustu í almannapágu sem veitt er á fjárhaglegum forsendum - á markaði. (services of general economic interest)
- Þjónusta sem ríkið veitir í skjóli ríkisvalds – s.s. lögregla, fangelsi o.fl. , félagleg þjónusta.

 Ekki efnahagsleg.

- Sjúkrahús og skólar. Mismunandi eftir ríkjum hvort slík þjónusta er efnahagsleg. Ef kveðið á um hana með lögum og allir eiga aðgang, þá er slík þjónusta byggð á sjónarmiðum um samheldni (solidarity)  Ekki efnahagsleg.

# SGEI – Þjónusta í almannabágu

- SGEI er þjónusta sem ekki markaðurinn veitir ekki á ásættanlegum kjörum að mati stjórnvalda og yrði ekki 11veitt án stuðnings.

Dæmi: Veiting lána á viðráðanlegum kjörum fyrir almenning.

EES reglur takmarka hve langt stjórnvöld geta gengið í stuðningi við svona stefnu.

# Þjónusta í almannabágu

## Leiðbeingjarreglur ESA

- Engar samræmdar reglur innan EES um hvaða þjónusta telst vera þjónusta í almannabágu.
- Á valdi hvers ríkis að skilgreina.
- Afskipti ESA eru takmörkuð við að koma í veg fyrir misbeitingu á undanþágu frá m.a. samkeppnisreglum og reglum um ríkisaðstoð.

# Þjónusta í almannabágu

## Leiðbeingarreglur ESA

- Aðstoð sé endurgjald fyrir þjónustu sem veitt er í almannabágu.
- viðkomandi aðila sé sérstaklega falið að veita nánar skilgreinda þjónustu í bágu almennings (entrustment).
- einungis heimilt veita ríkisaðstoð að því marki sem slíkt er nauðsynlegt og ekki fram úr hófi miðað við þá skilgreindu þjónustu sem ætlunin er að veita.
- Ríkisaðstoð má ekki fela í sér röskun á markaði að því marki að hún skaði hagsmuni samningsaðila á Evrópska efnahagssvæðinu.

# Þjónusta í almannabágu

## Leiðbeingarreglur ESA

Viðkomandi aðila þarf að vera falið að veita almannabjónustu með formlegri ákvörðun/lögum þar sem eftirfarandi kemur fram:

- (a) Umfang og tímalengd almannabjónustuhlutverksins.
- (b) Hvaða aðili sinnir þjónustunni.
- (c) Eðli þjónustunnar og ef við á einkaleyfi til að sinna þjónustunni.
- (d) Lýsing á hvernig endurgjaldið er ákvarðað og
- (e) Hvaða fyrirkomulag er viðhaft til að koma í veg fyrir ofgreiðslur.

Eftirlit ESA með ríkisaðstoð.

# Eftirlit ESA - 62. gr. EES samnings

Fylgjast skal stöðugt með öllum kerfum vegna ríkisaðstoðar sem eru til á yfirráðasvæðum samningsaðila, svo og öllum áætlunum um að veita slíka aðstoð eða breyta henni, með það í huga að þau samrýmist 61. gr. Eftirtaldir aðilar skulu framkvæma slíkt eftirlit:

a. framkvæmdastjórn EB, að því er varðar aðildarríki EB, í samræmi við reglurnar í 93. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu;

b. eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar EFTA-ríkin, í samræmi við þær reglur sem settar eru í samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun



# Gerður er greinarmunur á:

- 1. Yfirstandandi/gildandi aðstoð** (existing aid). – aðstoð sem m.a. er komin til áður en EES samningur gekk í gildi. Má vera áfram þar til ESA sendir tilmæli um að aðstoðinni þurfi að breyta eða afnema.
  - Efnislegar breytingar á „yfirstandandi“ aðstoð geta valdið því að hún telst ekki lengur „yfirstandandi“ heldur ný aðstoð sem þarf að tilkynna sérstaklega.
- 2. Ný aðstoð.** Skylt að tilkynna til ESA. Ef aðstoð er ekki tilkynnt til ESA áður en henni er hrundið í framkvæmd telst hún ólögmat.
  - 2003-2008. Deilt um hvort aðstoðin til ÍLS væri gildandi aðstoð eða ný aðstoð. Telst gildandi aðstoð, sbr. ákv ESA 28. júní 2008.

# Tilkynningaskylda Bókun 3 við ESE samning

- Ríki er skylt að tilkynna til ESA alla aðstoð sem það hyggst veita
- Skal gert áður en aðstoð kemur til framkvæmda
- „Standstill“ – aðstoðin má ekki koma til framkvæmda fyrr en ESA hefur skoðað málið og tilkynnt að stofunin geri ekki athugaemdir við fyrirhugaða aðstoð. ESA hefur takmarkaðan tíma til að taka ákvörðun. 2 mánuðir. (Í framkvæmd er þessi tími oft lengri)

# Valdframsal til ESA

ESA hefur vald til að meta hvort aðstoð samrýmist EES reglum.

*Aðstoð sem hefur verið tilkynnt:* 30. gr. Samkeppnislaga. Hafi ríkisaðstoð verið tilkynnt til ESA geta íslensk stjórnvöld ekki skorið úr um lögmæti fyrr en ESA hefur tilkynnt um niðurstöðu sína.

*Aðstoð hefur ekki verið tilkynnt:* Dómstólar hafa heimild til að ógilda ákvörðun um aðstoð þegar ríki hefur ekki tilkynnt um aðstoðina til ESA. Stjórnvöld geta einnig lagt mat á lögmæti aðstoðar án þess að lýsa hana ógilda.

# Hvað gerist þegar aðstoð er tilkynnt til ESA? Mismunandi möguleikar:

- a. ESA telur fljótt á litið (prima facie) að aðstoð samrýmist EES reglum og gerir ekki athugaemdir við aðstoðina. Lokar máli.
- b. ESA telur vafa leika á því hvort aðstoð samrýmist EES reglum og hefur formlega rannsókn.
  - Formlegri rannsókn lýkur með því að ESA gerir ekki athugasemdir
  - Formlegri rannsókn lýkur með því að ESA telur aðstoð ekki samrýmast reglum EES og samþykkir ekki eða setur skilyrði um breytingar

Ákvörðanir ESA í ríkisaðstoðarmálum eru kæránlega til EFTA dómstóls- 36. gr. ESE

- Aðildarríki getur kært
- Hagmunaaðili getur kært (dæmi: Kæra samtaka banka og verðbréfafyrirtækja SBV á ákvörðun ESA í máli ÍLS 2004)

36. gr. ESE: EFTA dómstóll getur ógilt ákvörðun ESA á grundvelli þess að ekki er farið að lögum, s.s. vegna skorts á rökstuðningi eða efnislega röngu mati.

# Ríkisaðstoð til ÍLS og rannsókn ESA

# Íbúðalánasjóður nýtur ríkisaðstoðar vegna þjónustu í almannabágu

Almenn lánastarfssemi ÍLS nýtur aðstoðar:

- Óbein og ótakmörkuð ríkisábyrgð án greiðslu ábyrgðargjalds - þ.e. Eigendaábyrgð. Ábyrgð ekki bundin við tiltekna hámarksfjárhæð eða við tilteknar ráðstafanir. Sjá einnig gjaldprotalög – ÍLS getur ekki orðið gjaldþrota
- Undanþága frá tekjuskatti, sbr. lög um tekjuskatt
- Ekki gerð krafa um arðsemi
- Niðurgreiddir vextir til félagslegra leiguíbúða (ekki hluti af ESA máli)

# 2003-2008

2003 – tilkynning til ESA um breytingar á húsnæðiskerfinu

2004 kvörtun frá SBV

Forathugun ESA: ESA telur að á árinu 1999 hafi aðstoðarkerfi ÍLS verið breytt svo verulega að það teljist ekki lengur *yfirstandandi* aðstoð, heldur *ný* aðstoð, sem hefði þurft að tilkynna 1999. Aðstoðin sé hins vegar réttlætanleg þar sem hún sé vegna þjónustu í almannapágu.

2006 ESA tekur ákvörðun um að loka málinu án þess að hefja formlega rannsókn.

SBV kæra þá ákvörðun til EFTA dómstólsins



# 2003-2008

- Dómur EFTA dómstóls E-9/06 - ákvörðun ESA er ógilt. Mikilvægar leiðbeiningar í þeim dómi. M.a.

1. Dómstóllinn féllst á: „Þjónusta með markmið um öryggi og jafnræði í húsnæðismálum með því að bjóða einstaklingslán á viðráðanlegum kjörum á öllu landinu og stuðla að því að einstaklingar geti eignast eigið húsnæði“ - Þetta markmið er innan reglna EES (68. mgr.).

2. Dómstóllinn bendir á a.m.k. tvö atriði í aðstoðarkerfi ÍLS sem benda til þess að aðstoðin geti verið fram úr hófi:

a. Vantar viðmið er takmarki útlán í samræmi við félagsleg markmið, s.s. stærðar eða verðmætaviðmið.

b. Engar takmarkanir á fjölda íbúða sem hver einstaklingur getur fengið lán vegna

 Þ.a.l. ekki sýnt fram á að enginn vafi leiki á lögmæti aðstoðar og því var ESA skylt að hefja formlega rannsókn.

# 2003-2008

- 2006 ESA hefur rannsókn að nýju. Telur aðstoð vera nýja aðstoð frá 1999.
- Júní 2008 ESA lokar formlegu rannsókninni – fellst á rök íslenskra stjórnvalda um að aðstoðin sé yfirstandandi aðstoð.
- Skv. málsmeðferðarreglum ESA fer málið í sértakt ferli vegna yfirstandandi aðstoðar.

# 2008-2013

- 28. júní 2008 ESA opnar nýtt mál. Aðstoð til ILS er „yfirstandandi“ aðstoð sem þarf að breyta svo að hún samrýmist reglum EES.
- 18. júlí 2011 ESA sendir íslenskum stjórnvöldum tilmæli um viðeigandi ráðstafanir sem gera þurfi fyrir 1. janúar 2012.
- Íslensk stjórnvöld samþykkja að gera viðeigandi ráðstafanir.
- Íslensk stjórnvöld koma til móts við tilmæli ESA með lögum nr. 84/2012 um breyting á lögum um húsnæðismál sem tóku gildi 5. júlí 2012.

## 4. Aðlögunarferlið

Breytingar á starfssemi ÍLS til að  
bregðast við tilmælum ESA  
Samskipti við ESA

# Breytingar á lögum um húsnæðismál

## Almenn húsnæðislán

- Íbúðalánasjóði óheimilt að lána til kaupa á fasteign með **fastignamat** hærra en kr. 50 millj.
- ÍLS-veðbréf geti aðeins numið 80% af **matsverði** eignar enda hefur það þau áhrif að kaupendur íbúðarhúsnæðis þurfa að reiða fram sem nemur 20% af kaupverði eignar með eigin fé og mikilli skuldsetningu kaupenda þannig haldið í skefjum.
- Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þrátt fyrir þetta muni um 96,3% alls íbúðarhúsnæðis á landinu vera lánshæft hjá Íbúðalánasjóði. **Mikið svigrúm vegna markaðsbrests. Ljóst að ef markaðsbrestur er ekki talinn vera til staðar er svigrúm töluvert minna.**
- Talið var mikilvægt að Íbúðalánasjóður héldi almennum lánveitingum til einstaklinga áfram með tilliti til íbúa landsbyggðarinnar.

# Endurskoðunarákvæði 19. gr. laga um húsnæðismál

Áhrif verðtakmarkana í lögum um húsnæðismál:

M.v. Skráð matsverð fasteigna vegna ársins 2012

- Möglegar lánveitingar: 99,4% íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni 94,4% íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu.

Meðaltalið fyrir allt landið: 96,3% íbúðarhúsnæðis án tillits til staðsetningar húsnæðisins.

Markaðsbrestur ekki viðvarandi. Endurskoðun verði annað hvert ár. Gert ráð fyrir að ráðherra mæli í reglugerð fyrir um breytingu á hlutfalli hámarksfjárhæðar ÍLS-veðbréfa af fasteignamati íbúðarhúsnæðis annað hvert ár. Mat á breytingu gert m.t.t. breytinga á lánamörkuðum, þróunar verðlags og þjóðhagsforsendna.

Ráðherra hér falið það hlutverk að takmarka hlutdeild íbúðalánasjóðs á markaði þegar ástæða þykir til svo unnt sé að stuðla að eðlilegri samkeppni á fasteignalánamarkaði.

Endurskoðun fari fram 2014 en að svo stöddu er skortur á upplýsingum um útlán bankanna.

# Lán til leiguíbúða.

- Lán til leiguíbúða mega mest vera 90% af matsverði húsnæðis. Reglur vegna lána til leiguíbúða verði þrengdar. Sett verði skilyrði um að félögin skuli ekki reka í hagnaðarskyni. Þau þurfa að hafa langtímamarkmið um að eiga og reka leiguhúsnæði. Settar verði reglur um hámarksstærð og viðmið vegna ákvörðnar leigufjárhæðar. Slíkar reglur hafa ekki verið settar.
- Einnig gert ráð fyrir að ÍLS stofni félag um útleigu á íbúðum sem sjóðurinn á.

# Markaðsbrestur ekki lengur fyrir hendi? Afstaða ESA

Í kjölfar hruns féllst ESA á sjónarmið íslenskra stjórnvalda um að markaðsbrestur væri til staðar á íslenskum fasteignamarkaði og því hafi mátt taka tillit til þess við mat á undanþágu frá framangreindum meginreglum um ríkisaðstoð vegna þjónustu í almannapágu. Þannig hafi ekki einungis afmarkaður hópur þurft á þjónustu Íbúðalánasjóðs að halda heldur hafi verið nauðsynlegt að tryggja að sem flestir hefðu möguleika á að fá þar lán til íbúðakaupa.

Á fundi með ESA í júní 2013 (og á fyrri fundum) hafa komið fram efasemdir af hálfu stofnunarinnar að markaðsbresturinn sé viðvarandi. Af afstöðu ESA má ráða að þrengja þurfi viðmið um útlán enn frekar og skilgreina almannapjónustuhlutverk ÍLS betur.



# Þróun máls eftir að lögum var breytt um mitt ár 2012.

- 1) **Nýjar leiðbeiningarreglur ESA um ríkisaðstoð vegna almannatjónustu.** ESA hefur lagt til að meðferð ÍLS málsins verði hagað í samræmi við nýju reglurnar. Nýjar reglur – gefa tilefni til að ætla að víðari skilgreiningar á SGEI verði samþykktar. Kveðið á um að stjórnvöld fylgi tilteknum vinnubrögðum við aðlögun á starfssemi SGEI aðila. Samkvæmt nýju reglunum skal vera “*public consultation*” þ.e. gert ráð fyrir að kallað verði eftir athugasemdum opinberlega með auglýsingu og í framhaldinu verði starfssemin aðlöguð. Hagstætt að því leiti að viðbótarfrestur verður til að aðlaga starfssemi sjóðsins.
- 2) ESA telur að “**neyðaraðstoð**” til ÍLS sem tilkynnt var 2011/2012 geti ekki fallið undir skilgreiningu um neyðaraðstoð – og þurfi því að fara með þá aðstoð sem veitt var til að styrkja eiginfjárstöðu ÍLS, samkvæmt reglum um SGEI. Sameina þurfi því þessi 2 mál. Svar í bréfi Velferðarráðuneytis til ESA 12. mars 2013.
- 3) Fundur með ESA sumarið 2013 – ESA telur (a) að skilgreina þurfi félagslegt hlutverk ÍLS með nákvæmari hætti (b) að setja þurfi strangari viðmið til að takmarka útlán ÍLS enn frekar (c) Aðlögun ÍLS fari í sérstakt ferli sem hefst með auglýsingu í samræmi við reglur ESA. (d) Þegar aðlögunarferlið er hafið og komin tímaáætlun á það eru forsendur til að sameina neyðaraðstoðarmálið við SGEI málið.

# Hvers þarf að gæta? Dómur EFTA dómstóls

- Á forræði ríkis að skilgreina hvernig þjónustu í almannapágu það vill veita. Aðeins ef „manifest error“ (misbeiting undanþágu) sem ESA skiptir sér af. (68. mgr.)
- Þjónusta í almannapágu er þjónusta sem ekki er veitt af markaðinum á viðunandi kjörum, t.d. markaðsbrestur eða ekki markaðsforsendur.
- „Þjónusta með markmið um öryggi og jafnræði í húsnæðismálum með því að bjóða einstaklingslán á viðráðanlegum kjörum á öllu landinu og stuðla að því að einstaklingar geti eignast eigið húsnæði“ - Þetta markmið er innan reglna EES (68. mgr.).

# Hvers þarf að gæta? – dómur EFTA dómstóls

Gæta þarf meðalhófs og starfssemin má ekki vera fram úr hófi m.v. skilgreind félagsleg markmið og má ekki stefna að öðrum markmiðum. Af þessu leiðir að setja þarf takmarkanir:

- Takmarka þætti er ekki samrýmast félagslegum tilgangi – t.d. ekki heimila kaup á fleiri en einni íbúð, sumarbústað o.s.frv. (EFTA dómstóll 78. mgr.)
- Á stærð/og eða verð húsnæðis. (EFTA dómstóll 77. mgr.) eða aðrar félagslegar takmarkanir.
- Einnig ljóst sbr. tilmæli ESA að meira þarf til að koma, einkum þar ÍLS lán ná til nær alls húsnæðismarkaðar.
- Hve hátt hlutfall? Hollenska málið 2010 - 43% Hollendinga eiga kost á að fá WOCO m.v. tekjuviðmið.

# Staðan nú – Hvað þarf að gera?

- Skýrari framsetningu þarf á félaglegu hlutverki ÍLS
- Endurskoða viðmið um verð og/eða setja viðbótarskilyrði sem takmarki lánveitingar ÍLS enn frekar.
- Leigufélögin, setja þarf reglugerð um útlán.
- Framtíð ÍLS /Hver er fjárhagsstaða ÍLS – þarf að veita frekari stuðning? Frekari stuðning þarf að tilkynna.
- Setja málið í nýtt ferli í samræmi við nýútgefnar leiðbeiningarreglur ESA – með auglýsingu í EES viðbæti og kalla eftir athugasemdum varðandi starfssemi sjóðsins.
- Þegar málið er komið í ferli og komin tímaáætlun á ferlið – forsendur eru til að sameina SGEI málið og neyðaraðstoðarmálið.

# 5. Endurheimt ríkisaðstoðar

# Endurheimt ólögmætrar ríkisaðstoðar

- Sérstakar leiðbeiningarreglur ESA um endurheimt ólögmætrar ríkisaðstoðar
- Endurheimt ríkisaðstoðar einskorðast við ólögmæta og ósamrýmanlega aðstoð. Ríkinu ber að krefja þann sem aðstoðar nýtur um endurgreiðslu.
- Ef aðstoð er ekki tilkynnt – er hún ólögmæt  
í því tilviki tekur ESA málið til rannsóknar og
  - a. kemst að raun um að aðstoðin samrýmist reglum EES – ekkert gert.
  - b. kemst að raun um að aðstoðin er ósamrýmanleg reglum EES – ríki skylt að endurkrefja þiggjendur um aðstoð
- Aðstoð til ÍLS er yfirstandandi aðstoð og þurfti ekki að tilkynna til ESA. Málið er nú í „ferli“ hjá ESA og aðstoð til ÍLS kann að verða endurkræf að svo miklu leyti sem hún samrýmist ekki ríkisaðstoðarreglum

# Endurheimt ólögmætrar ríkisaðstoðar

Aðstoð til ÍLs er yfirstandandi aðstoð - Yfirstandandi aðstoð er lögmæt: verður ekki endurkrafin aftur í tímann!!!

Tilmæli ESA um að gera þurfi viðeigandi ráðstafanir vegna ÍLS beinast fram á við í tíma og hafa það markmið að (yfistandandi/gömul) aðstoð verði aðlöguð að ríkisaðstoðarreglum.

Þegar ríki hefur samþykkt tilmæli ESA um viðeigandi ráðstafanir – Endurkræfa miðast við þau tímamörk sem sett eru í tilmælum.

Ef ríki samþykkir **ekki** tilmæli um viðeigandi ráðstafanir, hefur ESA formlega rannsókn á málinu. Í því tilviki gilda þau tímamörk sem ESA setur í ákvörðun um að hefja formlega rannsókn.

# Endurheimt ólögmætrar ríkisaðstoðar

Tímamörk sem ESA setti í tilmælum um viðeigandi ráðstafanir var 1. janúar 2012. Íslensk stjórnvöld samþykktu að verða við tilmælunum. Aðstoð til ÍLS átti því að endurkrefja frá og með 1. janúar 2012.

Málsmeðferðarreglum vegna SGEI var breytt í byrjun árs 2013. Þar er gert ráð fyrir sérstöku ferli slíkra mála og að auglýsa skuli yfirstandandi aðstoðarkerfi og kalla eftir athugasemdum varðandi breytingar á starfssemi þeirra. ESA hefur lagt til að ÍLS málið verði fært í það ferli. Við það fæst viðbótarfrestur til að aðlaga ÍLS og því myndu endurkröfur ef af yrði miðast við þá dagsetningu.